

Félag byggingariðnaðarmanna
í Hafnarfirði
Bæjarhrauni 2
220 Hafnarfirði

Alþingi
Erindi nr. P 120/1564
komudagur 18/4 1996

Hafnarfirði 8. apríl 1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfnni. Svar Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði fylgir hér á eftir:

Í málefнасamningi núverandi ríkisstjórnar er ákveðið að endurskoða vinnulöggjöfina, með það fyrir augum meðal annars að auka áhrif og vald hins almenna félagsmanns í verkalýðshreyfingunni.

Í þessu markmiði var þann 4. október 1994 skipaður vinnuhópur á vegum félagsmálaráðuneytis, eins og fram kemur í inngangi athugasemda með frumvarpinu. Jafnframt kemur fram að vinnuhópurinn hafði ekki náð samkomulagi um sameiginlegar tillögur um breytingar og töldu fulltrúar launþega nauðsynlegt að vinna málin áfram og reyna meðal annars að gera samkomulag um breyttar vinnureglur um kjaradeilur.

Með því að leggja frumvarp þetta fram nú og í þeirri mynd, að um það er verulegt ósætti, er ríkisstjórnin að brjóta blað í þríhliða samskiptum ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins, og munu slík vinnubrögð örugglega leiða til alvarlegs trúnaðarbrests milli aðila og þar af leiðandi miklu þyngri samskipta á allan hátt.

Einstök atriði í frumvarpinu eru einnig þannig úr garði gerð, að þau eru alls ekki raunhæf, stangast algerlega á innbyrðis, ganga þvert á yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar og eru að mörgu leyti algerlega óásættanleg af hálfu launþegasamtakanna. Skulu hér á eftir nefnd nokkur dæmi um þetta:

Í fyrstu grein er fjallað um heimild til stofnunar vinnustaðafélaga og kann slík heimild að eiga fullan rétt á sér í einstökum tilfellum, þó vandséð hvernig lagasetning samræmist markmiðum um aukið frelsi verkafólks.

Síðasta setning 1. greinar gengur þó algerlega á yfirlýst markmið ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, þar sem slíkum félögum er gefið alræðisvald varðandi samningsumboð, jafnvel þó hluti starfsmanna hafi kosið að vera áfram í svæðisbundnu stéttarfélagi. Vald og áhrif einstaklinga er því algerlega brotið á bak aftur með þessu ákvæði og vandséð að það standist alþjóðasamþykktir og stjórnarskrárákvæði.

Í annarri grein er samninganefndum gefið stóraukið vald, meðal annars með því að gefa þeim fullkomið ákvörðunarvald um samningsumboð og afgreiðslu mála þegar samningur hefur komist á við vinnuveitendur.

Með þessu ákvæði er einnig gengið þvert á yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar, þar sem hinn almenni félagi er þá ofurseldur ákvörðunarvaldi samninganefndar um það hvort hann eigi þess kost að koma skoðunum sínum á framfæri, nema beint við atkvæðagreiðslu.

Mjög víða í frumvarpinu eru settar fram kröfur um þátttökuhlutfall í ákvarðanatöku. Fulltrúar A.S.Í. hafa ítrekað bent á augljósa galla í þessum ákvæðum og bent á með rökum að atkvæðis réttur einstaklinga getur í mörgum tilfellum verið gerður að engu.

Félag byggingariðnaðarmanna tekur fullkomlega undir mótmæli A.S.Í. og telur þessi ákvæði óásættanleg.

Í fjórðu grein er allsendis óskiljanlegt ákvæði um heimild til að fresta boðaðri vinnustöðvun. Ekki er hægt að lesa annað úr orðanna hljóðan, en að aðili sem ákveður boðun vinnustöðvunar hafi einungis rétt til frestunar samanlagt í 14 daga, en þurfi eftir það að leita samþykkis vinnuveitanda til frekari frestunar. Er slíkt vænlegt til að draga úr átökum á vinnumarkaði eða auðvelda friðsamlega lausn.³

Ákvæði í 6. grein frumvarpsins um viðræðuáætlun eru að mörgu leyti athugunarverð en þurfa miklu nákvæmari skoðunar við.

Þannig er vandséð að ákvæðin skili aðilum lausn á deilu á styttri tíma, því samkomulag byggist hverju sinni á vilja viðræðuaðila.

Þá er einnig ákvæði um vald sáttasemjara til að fella marga og jafnvel ólíka hagsmunahópa undir eina miðlunartillögu og eina sameiginlega afgreiðslu og gildir þá samanlagt afl atkvæða. Þetta ákvæði er tekið beint úr danskri löggjöf og er viðurkennt þar sem stórgallað, enda sýna nýleg dæmi í Danmörku ófullkomleika þessa ákvæðis.

Hér á undan hefur verið bent á þau atriði sem Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði telur athugaverðust í frumvarpinu, þó sú upptalning sé alls ekki tæmandi.

Félagið ítrekar, að sú aðferð sem ríkisstjórnin hyggst beita í máli þessu, að keyra slíkt frumvarp gegn um þing, án tillits til skoðana þeirra sem væntanleg lög ná til, getur ekki orðið til annars en að öll samskipti aðila fari í allt annan og ófriðvænlegri farveg en tíðkast hefur.

Því skorar Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði á flutningsmenn frumvarpsins að draga það til baka að sinni, en efna þess í stað til viðræðna um hugsanlegt samkomulag um raunhæfar og jákvæðar breytingar á vinnulöggjöfinni.

Virðingarfyllst

